

Loðnan og lífið

Samfélagsleg áhrif loðnu

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar



Skýrsla um áhrif loðnubrests í Eyjum árið 2019 -helstu niðurstöður

Gengið var út frá 18 milljarða vertíð

- Uppsjávarfyrirtækin urðu af 7,6 ma.kr. tekjum
- Önnur fyrirtæki í Eyjum urðu af rúmlega 900 mkr.
- Vestmannaeyjabær varð af rúmlega 160 mkr. í töpuðu útsvari
- Stéttarfélög og lífeyrissjóðir urðu af 160 mkr. inngreiðslum
- **Tapaðar launatekjur í Vestmannaeyjum eru a.m.k. 1 milljarður**
- Loðnubresturinn hafði bein áhrif á samtals 350 starfsmenn í Vestmannaeyjum
- Loðnubresturinn er ígildi 60 ársverka í Vestmannaeyjum eða nærri 3% ársverka

Heimild: [Loðnubrestur 2019 - Staða, áhrif og afleiðingar í Vestmannaeyjum](#)

LOÐNU BRESTUR

áhrif, afleiðingar og aðgerðir

ÞRIÐJUDAG 26. MARS KL. 17:30-18:30

Í ÞEKKINGARSETRINU VIÐ ÆGISGÖTU

Á fundinum verður farið yfir þá stöðu sem upp er komin í kjölfar þess loðnubrest sem orðin er staðreynd. Fjárhagslegt högg er gríðarlegt fyrir samfélag eins og Vestmannaeyjar, fólk, fyrirtæki og sveitarfélagið, sem á mikið undir loðnuveiðum og vinnslu loðnuafurða.

Á fundinum verða framsögumenn frá Þekkingarsetrinu, Vestmannaeyjabæ og Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja. Að loknum framsögum verða umræður.

AÐGANGUR ER ÖLLUM OPINN



Áhrif á uppsjávarfyrirtæki í Eyjum

- Áætlað er að uppsjávarfyrirtækin þrjú hafi orðið fyrir rúmlega 7,6 ma.kr. tekjuskerðingu vegna loðnubrests árið 2019. Þá er einungis horft til veiða- og vinnslu móðurfélags.
- 4.300 manns bjuggu í Vestmannaeyjum í upphafi árs 2019. Á sama tíma bjuggu í Reykjavík 128.800 manns eða rétt tæplega 30 sinnum fleiri íbúar en í Vestmannaeyjum.
- Ef loðnubresturinn yrði heimfærður á efnahag fyrirtækja í Reykjavík út frá íbúafjölda, **þá hefðu fyrirtæki í Reykjavík orðið af tæplega 228 ma.kr. tekjum.**

Áhrif á fyrirtæki utan greinarinnar m.a. á

- **lönfyrirtækin í Eyjum** töldu sig hafa orðið af 250 – 300 mkr. tekjum vegna loðnuvertíðarinnar 2019.
- Það fyrirtæki sem byggði afkomu sína hvað mest á loðnuveiðum hafði tæplega 20% tekna sinna af loðnuveiðum og -vinnslu.
- **Þjónustufyrirtækin** töldu sig hafa orðið fyrir 450 mkr. tekjutapi vegna loðnuvertíðarinnar 2019.





Samfélagsleg áhrif í Eyjum

- Loðnubrestur hefur mikil áhrif á bæjarbrag og bæjarbúa.
- **Um 16 % heimila treysta á loðnuvertíð** sem gefur stóran hluta af árstekjum. **Loðnubrestur hefur áhrif á afkomu um 20% heimila.**
- Það kemur ekkert í staðinn fyrir þær tekjur sem loðnan gefur.
- Tíðarandinn í samfélaginu litast af loðnuveiðum og vinnslu frá janúar til mars eða á meðan vertíðin stendur yfir.

Samfélagsleg áhrif loðnu eru mikil og endurspegla mikilvægi sjávarútvegs.

- Af hverju er þá í samfélaginu;
- Neikvæð umræða
- Upplýsingaóreiða
- Áhugaleysi
- Ómeðvitað skilingsleysi

Stíga þarf ný skerf, nálgast ímynd sjávarútvegs með öðrum hætti!

- Ekki vera að pirra sig! Ný nálgun, nýjr tímar og sjávarútvegurinn er ekki á þeim stað sem hann ætti að vera í hugum landsmanna.
- Við getum ekki ekki breytt fortíðinni en við getum haft áhrif á nútíðina og getum með samstilltu átaki breytt framtíðinni það er verkefnið!



Margt gott til ...en

- Sjávarútvegsskóli unga fólksins á rætur í Sjávarútvegsskóla Síldarvinnslunnar sem stofnaður var 2013, hann er gott dæmi um góða upplýsingagjöf og sýnileika í samfélaginu.
- Ýmis rit og greinar en...ná ekki í gegn.
- Umtalið um sjávarútveginn gefur ekki rétta mynd af samfélagslegum áhrif loðnu eða greinarinnar í heild.
- Samfélagsleg áhrif og samfélagsleg ábyrgð eru mikilvæg hugtök í umræðunni!
- Það eru vankantar á kerfinu og þeir fá alla athyglina af því að formleg “nýliðafræðsla” er ekki í gangi.
- Það eiga „allir“ að þekkja loðnu, er það ekki?

Jákvæð ímynd í stað ímyndarvanda.



Vald og ábyrgð fer eftir “hlutverki”

- **Vald og ábyrgð** alþingis og ríkistjórnar = lagaumgörð, **fyrirsjánleiki**, aðstæður og innleg í ábyrga umræðu.
- **Vald og ábyrgð** þeirra sem í greininni starfa og þeirra samfélaga sem á hana treysta = ábyrgur rekstur, upplýsingagjöf og sýnileiki.
- **Ábyrgð** almennings = upplýst ákvörðun þegar afstaða er tekin.

Hvernig á greinin að komast upp úr þeim hjólförum sem greinin er í ?

- Ekki með því að kvarta yfir skoðunum annara og „fáfræði“.
- Heldur með því að fræða og ræða! Loðna er mjög gott „tæki“ til að nota.

Loðnan og lífið!

- Ný nálgun á umræðu um sjávarútveg
- Einföld og skemmtileg skilaboð
- Snerta “alla” með fræðslu
- Breiðari hópur taki samtalið og umræðuna
- Stolt og bein í baki!
- Hætta að spila bara vörn í umræðunni, sókn er besta vörnin.
- Það felast tækfæri í samfélagslegu mikilvægi!
- Tökum höndum saman; segjum og sýnum hvert samfélagslegt mikilvægi loðnu og sjávarútvegs er!
- Það er á hreinu að fólki almennt er það **ekki ljóst** annars væri umræðan önnur!

